

**Mál nr. 325/2025**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.**

**Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)**

**Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 8. september 2025.
2. Athugasemdir V, dags. 30. september 2025, ásamt fylgiskjöllum.

**Málsatvik.**

Í málskoti segist M hafa orðið fyrir tjóni er hann ók bifhjóli sínu í holu við Einarsnes í Skerjafirði. Í tjónstilkynningu til V, sem send var rafrænt kl. 12:24 þann 23. maí 2025, kemur fram að tjónið hafi orðið kl. 20:00 þann 15. maí 2025. M virðist í málskoti krefjast þess að fá tjónið bætt úr ábyrgðartyggingu þeirri sem X er með hjá V. Virðist M byggja kröfu sína á því að þar sem X hafi mótttekið tilkynningu um holuna upp úr kl. 18 þann 15. maí hefði átt að vera búð að gera við holuna fyrir kl. 20:00 þann sama dag. Þá heldur M því fram að fyrirliggjandi ljósmyndir bendi til þess að holan hafi ekki verið nýtilkomin. Þá telur M einnig að X geti ekki firrt sig ábyrgð með þeim rökum að þar sem tilkynning hafi ekki borist fyrr en eftir kl. 18:00 sé það afsakanlegt að ekki var búð að gera við hana er tjónið varð.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 30. september 2025, kemur fram að X hafi fengið tvær ábendingar um holu á móts við Einarsnes 34. Fyrri ábendingin sem hafi borist rafrænt kl. 18:06 þann 15. maí 2025, hafi því ekki borist til starfsmanna hverfastöðvar fyrr en þeir mættu til starfa daginn eftir. Þá hafi þeir hins vegar brugðist við samdægurs og hafi verið búnir að fylla upp í holuna fyrir hádegi 16. maí. V telur því að starfsmenn X hafi brugðist við eins fljótt og hægt var að ætlast til af þeim. Seinni ábendingin hafi svo borist frá M næsta laugardag þar á eftir. Þessu til viðbótar bendir V á að umrædd hola hafi ekki verið þess eðlis að af henni ætti að stafa sérstök tjónahætta.

**Álit.**

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé haldið við með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Þá skal veghaldari, svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Við mat á bótaskyldu samkvæmt þessari bótareglu ber sá sem krefst bóta sönnunarbyrði um að tjón megi rekja til gáleysis veghaldara. Í því felst að leggja þarf fram gögn sem sýna fram á að viðhald eða merkingar vegar hafi verið ábótavant.

Í þessu tilviki liggja ekki fyrir upplýsingar sem benda til þess að starfsmenn X hafi vitað af holunni án þess að bregðast þegar í stað við. Gögn málsins benda til þess að tilkynnt hafi verið um holuna eftir að starfsmenn X hættu störfum þann 15. maí 2025 og gert hafi verið við hana daginn eftir. Með vísan til framangreinds verður talið að M verði að bera hallann af sönnunarskorti um ófullnægjandi viðhald eða merkingu veghaldara. Þannig verður ekki fallist á kröfu M um greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 4. nóvember 2025.  
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir